

Nokkur ráð til að auðvelda krökkum að flytja.

Við mælum með því að þið látið krakkana taka eins mikinn þátt í undirbúningi flutninganna eins og kostur er. Það gerir þau að virkum þáttakendum og auðveldar allt ferlið fyrir fjölskylduna.

- Hvettu barnið til að pakka niður dótinu í herberginu sínu.
- Leyfðu barninu að merkja sína kassa með ákveðnum lit þannig að þeir séu auðþekkjjanlegir. Það auðveldar þeim að finna kassana á nýja heimilinu.
- Ef það þarf að mála nýja herbergið leyfðu barninu að velja litinn á nýja herbergið.
- Talaðu um flutningana í jákvæðum tón.
- Haltu sömu rúttinu fram að flutningsdeginum. Börn þurfa á reglu að halda og það minnkar stressið að hafa reglu á hlutunum.
- Ung börn eiga erfitt með að skilja hugtakið tími. Við mælum með því að nota dagatal til að sýna hvenær flutningsdagurinn er.
- Passaðu að börnin hafi nógan tíma til að kveðja vini sína, leyfðu þeim að hittast oft fyrir flutninga, góð hugmynd er að kveðjupartý með vinunum.
- Mörg börn eru ósátt við flutninga, hlustaðu á barnið og leyfðu því að tjá sig, segðu þeim að það sé allt í lagi að vera leiður en bentu jafnframt á kostina við að flytja.
- Vertu búinn að kynna þér íþrótt- og tómstundastarfssemi á nýja staðnum þannig að barnið geti haldið áfram að sinna áhugamálum sínum.
- Þegar þið eruð flutt er gott að ganga um hverfið með barninu þannig að það læri að þekkja sitt umhverfi, það hjálpar þeim að ná áttum og þau fyllast öryggiskennnd.
- Vertu viss um að barnið kunni nýja heimilisfangið sitt.